

Reykjavík 15.02.2002

Lanbúnaðarnefnd Alþingis
Bt. Einars Farestveit


Stjórn Félags hrossabænda hefur farið yfir og rætt frumvarp til laga um útflutning hrossa. Félagið lýsir áhyggjum sínum með þá þróun að markaðs og útflutningssjóður skuli lagður niður án þess að komnar séu fram áætlanir varðandi fjármögnun til áframhaldandi markaðsstarfs og leggur áherslu að skoðaðar verði leiðir til þess að finna fastan tekjustofn sem ætlaður verði til markaðsmála.

Eina fjármagnið sem ætlað hefur verið til markaðsmála hrossaræktarinnar með beinum hætti hefur komið í gegn um Útflutnings og markaðssjóð og með því að leggja hann niður hefur því litla fjármagni sem þó var til staðar verið kippt í burtu án þess að komið hafi verið með aðrar hugmyndir að fjáröflun í þennan nauðsynlega málaflokk.

Þar sem málefni hrossaræktarinnar eru til umfjöllunar ber alltaf hæst umræðuna um markaðsmál og nauðsyn þess að vinna að þeim með markvissum hætti til að bæta megi afkomu í greininni. Með umræðum varðandi sameiningu og samþjöppun í hestageiranum hafa menn bent á að eitt brýnasta málefnið sem hestamenn þurfa að vinna að séu markaðsmálin, en eins og málum er háttað núna er erfitt að finna þessum málaflokki stað fyrst og fremst vegna fjárskorts.

Stjórn Félags hrossabænda óskar því eftir að leitað verði nýrra leiða til fjármögnunar markaðsstarfs hrossabænda og greininni tryggt öruggt fjármagn til framtíðar til að sinna þessum málaflokki.

F.h. Félags hrossabænda


Sólveig Asgeirsdóttir